

GARÐYRKJUVÖRU OG -PJÓNUSTA - UMHVERFISSKILYRÐI	Dags.	28.10.2021
	Útgáfa	2.0

VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

Umhverfisskilyrðin eru byggð á viðmiðum framkvæmdastjórnar ESB um vistvæn innkaup [EC GPP Training Toolkit](#) og hafa verið unnin í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Umhverfisskilyrðin birtust fyrst á vinn.is.

Þessi skilyrði fjalla um innkaup á garðyrkjuvörum og –þjónustu og taka til eftirfarandi:

1. Garðplöntur (þ.e. aðfluttar plöntur)
2. Jarðvegsbætir (áburður, þ.m.t. molta, húsdýraáburður og lífrænar leifar)
3. Vökunarkerfi
4. Garðyrkjuvélar
5. Smurolíur véla
6. Garðyrkjubjónusta

Viðmiðin eiga aðeins við eftirfarandi garðyrkjuvélar sem annað hvort eru knúnar eldsneyti, rafmagni, hleðslurafhlöðum eða handknúnar:

- Sláttuvélar (einnig sláttubílar) og jarðvegslosarar (e. scarifiers)
- Sláttuorf fyrir runna (e. brushsaws)
- Keðjusagir
- Sláttuorf (e. strimmers)
- Hekkklippur (e. trimmers) og hekksnyrtir (e. hedge trimmers)

- Laufblásarar (e. leafblowers) og laufsugur (e. leafcollectors)
- Sláttugreiður (e. auto-scythes)
- Jarðvegstætarar (e. rotarycultivators)
- Greinatætarar (e. compostshredders)

Umhverfisskilyrðin skiptast í grunnviðmið og ítarviðmið. Við gerð útboðsgagna er hægt að nýta annað hvort grunn- eða ítarviðmiðin:


- **Grunnviðmið;** með þeim er lögð áhersla á mikilvægustu umhverfisáhrif vörunnar eða þjónustunnar. Viðmiðin eru þannig útfærð að það er tiltölulega auðvelt að sannreyna að þau séu uppfyllt.
- **Ítarviðmið;** gera meiri kröfur til vörunnar eða þjónustunnar um að hún sé sú besta á markaðnum. Til að sannreyna að ítarviðmiðin séu uppfyllt getur þurft meiri þekkingu á vistvænum innkaupum.

Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

Lágmarksskilyrði; eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

Matsviðmið; má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis-og gæðapætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun (GPP)
<ul style="list-style-type: none"> Megun jarðvegs og vatns, ofauðgun, lífmögnun og uppsöfnun hættulegra efna sem hafa neikvæð áhrif og jafnvel eituráhrif á umhverfis vegna óæskilegrar notkunar á plöntuvarnarefnum, áburði og eitruðum smurolíum. Ofnotkun á óendurnýjanlegum auðlindum s.s. mó sem jarðvegsbæti. Ofnotkun á drykkjarvatni. Mikil framleiðsla á lífrænum úrgangi. Mikil framleiðsla á umbúðaúrgangi. Hávaða- og loftmengun frá garðyrkjuvélum, eldsneytisnotkun. Flutningar. 	<p style="text-align: center;"></p> <ul style="list-style-type: none"> Notkun á moltu úr lífrænum úrgangi sem jarðvegsbæti og áburðargjafa með gæðastýringu. Forðast notkun á mó sem jarðvegsbæti. Takmarka hættu vegna notkunar á plöntuvarnarefnum og nota hættuminni leiðir við stjórnun á illgresi og skordýrum. Nota (þegar mögulegt er) ódrykkjahræft vatn, koma upp skilvirku vökvunarkerfi og draga úr vatnsþörf með ýmsum leiðum, svo sem með þekjuefni á beðum, plöntuvali í samræmi við vatnsþörf, eða með því að velja innlendar eða aðhæfðar plöntur. Velja lífrænt ræktaðar plöntur og innlendar tegundir. Tryggja flokkun úrgangs og jarðgerð á lífrænum úrgangi. Kaupa vörur í endurunnum umbúðum, jarðgeranlegum, endurvinnanlegum eða niðurbrjótanlegum. Velja hljóðlátar og sparneytnar vélar með lítið mengandi útblæstri sem og vistvænna eldsneyti. Notkun á auðniðurbrjótanlegum smurolíum eða olíum sem safnast ekki upp í fæðukeðjunni eða endurnýjuðum (e.g. Regenerated oils) olíum á garðvélarnar. Þjálfa starfsmenn. Bregðast við ágengum plöntum og dýrum.

1 GARÐPLÖNTUR

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p>1. Einkenni garðplantna</p> <p>Að lágmarki [X]% garðplantna skulu vera tegundir sem henta vaxtarskilyrðum staðarins (t.d. sýrustig jarðvegs, meðaltalsúrkому og hitafar).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir allar plöntutegundir sem áætlað er að nota, ásamt verði og fjölda plantna.</p>	<p>1. Einkenni garðplantna</p> <p>Að lágmarki [X]% garðplantna skulu vera tegundir sem henta vaxtarskilyrðum staðarins (t.d. sýrustig jarðvegs, meðaltalsúrkому og hitafar).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir allar plöntutegundir sem áætlað er að nota, ásamt verði og fjölda plantna.</p>
	<p>2. Lífrænt ræktaðar</p> <p>Að lágmarki [Y]% garðplantna skulu vera lífrænt ræktaðar samkvæmt reglugerð (EC) No 834/2007.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir allar plöntutegundir sem áætlað er að nota, ásamt verði og fjölda plantna.</p>
	<p>3. Plöntuílát</p> <p>Plöntur skulu koma í endurnýtanlegum eða niðurbrjótanlegum ílátum. Ef ílátin eru endurnýtanleg, skal fyrirtækið taka ílátin til baka eftir að plantað hefur verið út. Ef ílátin eru niðurbrjótanleg þá skulu þau:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vera gerð úr 100% niðurbrjótanlegum (jarðgeranlegum) efnum, svo sem hálmri, korki, maíssterkju, trémassa • ekki innihalda gervi-/plastefni, mýkingarefni, sæfiefni sem er

	<p>að finna t.d. í sæfiefnum eða rotvarnarefnum</p> <p>Staðfesting: Séu ílát endurnýtt skal bjóðandi leggja fram skriflega yfirlýsingum um að séð verði til þess að starfsmenn þjónustunnar safni og skili til endurnotkunar ílátunum. Séu ílát niðurbrjótanleg, skal bjóðandi útvega yfirlit yfir innihald vörunnar og hlufall efna ásamt yfirlýsingum um að kröfur séu uppfylltar. Kaupandi þarf á eigin kostnað að taka tillit til viðeigandi skjala, t.d. evrópskra og íslenskra staðla, til að ganga úr skugga um að ílát séu niðurbrjótanleg með hliðsjón af lista yfir innihaldsefni sem bjóðandi útvegar. Ílát sem merkt eru umhverfismerki (Tegund I) og uppfylla ofangreindar kröfur uppfylla skilyrðiðásamt vörum sem flokkaðar eru sem niðurbrjótanlegar og jarðgeranlegar samkvæmt staðlinum EN 13432:2000 eða jafngilt. Önnur viðeigandi sönnunargögn eru einnig samþykkt.</p>
	<p>4. Umbúðir</p> <p>Litlar plöntur skulu fluttar í endurnýtanlegum kössum.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsingum um að ofangreind krafa verði uppfyllt.</p>

2 JARÐVEGSBÆTIR

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p>1. Innihaldsefni áburðargefandi jarðvegsbætis</p> <p>Jarðvegsbætir skal ekki innihalda mó eða seyru (e. Sewage sludge).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram ítarlegt yfirlit yfir samsetningu vörunnar, uppruna lífrænu efnanna og yfirlýsingum um að ofangreindum kröfum sé mætt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast vera í samræmi við viðmiðin. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>	<p>1. Innihaldsefni áburðargefandi jarðvegsbætis</p> <p>1.1. Jarðvegsbætir skal ekki innihalda mó eða seyru (e. Sewage sludge).</p> <p>1.2. Lífræn efni í jarðvegsbætinum skulu vera upprunnin frá meðhöndluðum úrgangi og/eða endurnotkun (samkvæmt skilgreiningu tilskipun 2006/12/EC 5. apríl 2006 um úrgang ásamt viðauka I).</p> <p>1.3. Eðja (ekki skólp) er eingöngu leyfð í jarðvegsbætinum ef hún er upprunnin frá einhverjum af eftirfarandi úrgangsflokkum samkvæmt úrgangsslista Evrópusambandsins (samkvæmt skilgreiningu framkvæmdastjórar 2001/118/EC 16. janúar 2001 um breytingu á 2000/532/EC að því er varðar úrgangsslistann, og þegar viðkomandi úrgangsflokkar hafa ekki blandast við frárennsli eða eðju utan við framleiðsluferlið):</p> <ul style="list-style-type: none"> • 020305 eðja úr afrennsli frá meðhöndlun á ávöxtum, grænmeti, korni, matarolíum, kakói, kaffi, tei og tóbaki; niðursuða; gerjun og gersafaframleiðsla, sírópsgerð, undirbúningur og gerjun. • 020403 eðja frá afrennsli við sykurframleiðslu • 020502 eðja frá afrennsli mjólkuvöruíðnaðar • 020603 eðja frá afrennsli sælgætisgerðar og baksturs

	<ul style="list-style-type: none"> • 020705 eðja frá afrennsli við framleiðslu á áfengum og óáfengum drykkjum (ekki kaffi, te og kakó) <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram ítarlegt yfirlit yfir samsetningu vörurnar, uppruna lífrænu efnanna og yfirlýsingum um að ofangreindum kröfum sé mætt. Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast vera í samræmi við viðmiðin. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða þróunarþársla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>																												
	<p>2. Hættuleg efni í áburðargefandi jarðvegsbæti</p> <p>Hámarksstyrkur þungmálma í úrganginum fyrir meðhöndlun úrgangs (mg/kg þurrvigt) skal uppfylla neðangreindar kröfur um hættuleg efni. Hámarksstyrkur þungmálmaí lokaafurð jarðvegsbætis skal vera lægri en hér segir:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Frumefni</th><th>mg/kg (þurrvigt)</th><th>Frumefni</th><th>mg/kg (þurrvigt)</th></tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Zn</td><td>300</td><td>Cr</td><td>100</td></tr> <tr> <td>Cu</td><td>100</td><td>Mo (*)</td><td>2</td></tr> <tr> <td>Ni</td><td>50</td><td>Se (*)</td><td>1,5</td></tr> <tr> <td>Cd</td><td>1</td><td>As (*)</td><td>10</td></tr> <tr> <td>Pb</td><td>100</td><td>F (*)</td><td>200</td></tr> <tr> <td>Hg</td><td>1</td><td></td><td></td></tr> </tbody> </table> <p>(*)Aðeins þarf að sýna gögn varðandi þessi efni þegar um iðnaðarúrgang er að ræða.</p>	Frumefni	mg/kg (þurrvigt)	Frumefni	mg/kg (þurrvigt)	Zn	300	Cr	100	Cu	100	Mo (*)	2	Ni	50	Se (*)	1,5	Cd	1	As (*)	10	Pb	100	F (*)	200	Hg	1		
Frumefni	mg/kg (þurrvigt)	Frumefni	mg/kg (þurrvigt)																										
Zn	300	Cr	100																										
Cu	100	Mo (*)	2																										
Ni	50	Se (*)	1,5																										
Cd	1	As (*)	10																										
Pb	100	F (*)	200																										
Hg	1																												

	<p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
	<p>3. Aðskotaefni í áburðargefandi jarðvegsbæti Í lokaafurð skulu aðskotaefni í jarðvegsbætinum, s.s. gler, málmar og plast (samanlagt) vera minni en 0,5% af þurrvigt.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum sé fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
	<p>4. Köfnunarefni (N) í áburðargefandi jarðvegsbæti Styrkur köfnunarefnis í vörunni skal ekki vera meiri en 3% af heildar N (af þyngd) og ólifrænt N skal ekki vera meira en 20% af heildarköfnunarefni (eða lífrænt N $\geq 80\%$).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunumeru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>

	<p>5. Virkni áburðargefandi jarðvegsbætis</p> <p>Jarðvegsbætirinn skal ekki hafa neikvæð áhrif á spírun og framvindu gróðurs og innihalda að lágmarki 25% þurrefni af heildarþyngd og að lágmarki 20% lífræn efni af þurrvigt.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum sé fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunumeru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
	<p>6. Áhrif áburðargefandi jarðvegsbætis á heilsu og öryggi</p> <p>Í jarðvegsbætinum skal hámarksstyrkur sýkla ekki vera meiri en hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Salmonella: má ekki finnast í 25 g skömmum jarðvegsbætisins.• Egg Helminth sníkjudýra: mega ekki finnast í 1,5 g skömmum jarðvegsbætisins.• E.coli: <1000 MPN/g (MPN: mostprobable number) <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunumeru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>

3 VÖKVUNARKERFI

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p>1. Vatnsmagn vökvunarkerfisins skal vera stillanlegt eftir svæðum.</p> <p>2. Vökvunarkerfið skal vera búið tímastilli sem nota má til að stýra vökvunartímanum.</p> <p>3. Vökvunarkerfið skal vera útbúið rakamæli sem mælir raka í jarðvegi og getur sjálfvirkt stöðvað vökvun þegar raki í jarðvegi er nægjanlegur (t.d. eftir rigningu).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi tæknigögn til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>	<p>1. Vatnsmagn vökvunarkerfisins skal vera stillanlegeteftir svæðum.</p> <p>2. Vökvunarkerfið skal vera búið tímastilli sem nota má til að stýra vökvunartímanum.</p> <p>3. Vökvunarkerfið skal vera útbúið rakamæli sem mælir raka í jarðvegi og getur sjálfvirkt stöðvað vökvun þegar raki í jarðvegi er nægjanlegur (t.d. eftir rigningu).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi tæknigögn til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>
MATSVIÐMIÐ	MATSVIÐMIÐ
<p>1. Aukastig verða veitt ef vökvunarkerfið getur safnað og endurnotað vatn úr nágrenninu, svo sem rigningarvatn, grunnvatn eða hreinsað grávatn.</p> <p>Staðfesting: Verkkaupi leggur fram gögn um vatnsbúskap og einkenni svæðisins þ.m.t. loftslag og staðsetningu vökvunarkerfisins. Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>	<p>1. Aukastig verða veitt ef vökvunarkerfið getur safnað og endurnotað vatn úr nágrenninu, svo sem rigningarvatn, grunnvatn eða hreinsað grávatn.</p> <p>Staðfesting: Verkkaupi leggur fram gögn um vatnsbúskap og einkenni svæðisins þ.m.t. loftslag og staðsetningu vökvunarkerfisins. Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>

4 GARÐYRKJUVÉLAR

GRUNNVIÐMIÐ		ÍTARVIÐMIÐ													
LÁGMARKSSKILYRÐI		LÁGMARKSSKILYRÐI													
<p>1. Eldsneyti fyrir vélar með brunahreyfil</p> <p>Vélar með brunahreyfilskulu vera hannaðar þannig að þær gangi fyrir að minnsta kosti einni af eftirfarandi eldsneytistegundum (e. Fuel grades): blýlausu bensíni með benzeninnihald <1.0 % af rúmmáli, alkýlat-bensíni, díselolíu flokki A, eða lífeldsneyti.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsing um að ofangreind krafa verði uppfyllt. Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>		<p>1. Eldsneyti fyrir vélar með brunahreyfil</p> <p>Vélar með brunahreyfil skulu vera hannaðar þannig að þær gangi fyrir að minnsta kosti einni af eftirfarandi eldsneytistegundum (e. Fuel grades): blýlausu bensíni með benzeninnihald <1.0 % af rúmmáli, alkýlat-bensíni, díselolíu flokki A, eða lífeldsneyti.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsing um að ofangreind krafa verði uppfyllt. Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>													
<p>2. Hávaði</p> <p>Hávaðamörk véla skulu vera lægri en hér segir:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Gerð vélar</th> <th>Viðmið</th> <th>Leyfilegur hámarks hljóðstyrkur LWA (dB/1pW)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Sláttuvél (einnig sláttutraktor)</td> <td> $L \leq 50 \text{ cm}$ $50 < L \leq 120 \text{ cm}$ $L > 120 \text{ cm}$ </td> <td> 94 98 103 </td> </tr> </tbody> </table>		Gerð vélar	Viðmið	Leyfilegur hámarks hljóðstyrkur LWA (dB/1pW)	Sláttuvél (einnig sláttutraktor)	$L \leq 50 \text{ cm}$ $50 < L \leq 120 \text{ cm}$ $L > 120 \text{ cm}$	94 98 103	<p>2. Hávaði</p> <p>Hávaðamörk véla skulu vera lægri en hér segir:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Gerð vélar</th> <th>Viðmið</th> <th>Leyfilegur hámarks hljóðstyrkur LWA (dB/1pW)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Sláttuvél (einnig sláttutraktor)</td> <td> $L \leq 50 \text{ cm}$ $50 < L \leq 120 \text{ cm}$ $L > 120 \text{ cm}$ </td> <td> 92 96 101 </td> </tr> </tbody> </table>		Gerð vélar	Viðmið	Leyfilegur hámarks hljóðstyrkur LWA (dB/1pW)	Sláttuvél (einnig sláttutraktor)	$L \leq 50 \text{ cm}$ $50 < L \leq 120 \text{ cm}$ $L > 120 \text{ cm}$	92 96 101
Gerð vélar	Viðmið	Leyfilegur hámarks hljóðstyrkur LWA (dB/1pW)													
Sláttuvél (einnig sláttutraktor)	$L \leq 50 \text{ cm}$ $50 < L \leq 120 \text{ cm}$ $L > 120 \text{ cm}$	94 98 103													
Gerð vélar	Viðmið	Leyfilegur hámarks hljóðstyrkur LWA (dB/1pW)													
Sláttuvél (einnig sláttutraktor)	$L \leq 50 \text{ cm}$ $50 < L \leq 120 \text{ cm}$ $L > 120 \text{ cm}$	92 96 101													

	(L = sláttubreidd e. cuttingwidth)			(L = sláttubreidd)		
Jarðvegslosari	Brunahreyfill (P = nettónafnafl (e. net ratedpower) í kW)	99 + 2 lg P		Jarðvegslosari	brunahreyfill (P = nettónafnafl (e. net ratedpower) í kW)	97 + 2 lg P
Sláttuorf fyrir runna	P ≤ 1,5kW P > 1,5kW (P = nettónafnafl í kW)	107 110		Sláttuorf fyrir runna	P ≤ 1,5kW P > 1,5kW (P = nettónafnafl í kW)	105 108
Keðjusög	Rafmótör Brunahreyfill (P = nettónafnafl í kW)	104 108 + 2 P		Keðjusög	Rafmótör Brunahreyfill (P = nettónafnafl í kW)	102 106 + 2 P
Sláttuorf	Rafmótör Brunahreyfill	94 104		Sláttuorf	Rafmótör Brunahreyfill	92 102
Hekkklippur og runnasnyrtir	Rafmótör Brunahreyfill	96 103		Hekkklippur og runnasnyrtir	Rafmótör Brunahreyfill	94 101
Laufsuga	Rafmótör Brunahreyfill	99 104		Laufsuga	Rafmótör Brunahreyfill	97 102
Laufblásari	Rafmótör Brunahreyfill	99 105		Laufblásari	Rafmótör Brunahreyfill	97 103
				Sláttugreiða	P ≤ 1,5kW P > 1,5kW (P = nettónafnafl í	105 108

Sláttugreiða	$P \leq 1,5\text{kW}$	107		kW)	
	$P > 1,5\text{kW}$ ($P = \text{nettónafnafl í kW}$)	110			
Jarðvegstætari		93			
Staðfesting: Hávaði vélar skal sannreyndur samkvæmt kröfum ítilskipun (2000/14/EC) fyrir hávaða frá útitækjum. Hún skal vera CE merkt, hámarks hljóðstyrkur skal koma fram og samræmisfirlýsing skal fylgja.		Staðfesting: Hávaði vélar skal sannreyndur samkvæmt kröfum ítilskipun (2000/14/EC) fyrir hávaða frá útitækjum. Hún skal vera CE merkt, hámarks hljóðstyrkur skal koma fram og samræmisfirlýsing skal fylgja.			
			<p>3. Smurolíur og eldsneyti</p> <p>3.1 Vélar skulu þola niðurbrjótanlegar smurolíur (fyrir tvígengisvélar) eða endurnýjaðar (e.g. regenerated) smurolíur (fyrir fjörgengisvélar).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsing um að ofangreind krafa verði uppfyllt.</p> <p>3.2 Eldsneytisnotkun fjörgengisvéla undir 50% á lagi skal ekki vera meiri en 500-g/kWh eldsneyti, mælt samkvæmt ISO 8178 eða sambærilegu.</p> <p>Staðfesting: Leggja skal fram niðurstöður ISO prófsins eða sambærilegt. Vélar sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>		
			4. Vélahlutar og efni í vélum		

	<p>4.1 Vélin skal vera hönnuð þannig að við áfyllingu eða hreinsun sullast ekki eldsneyti eða lekur. Við reglulega hreinsun skal olía ekki leka af vélinni né við olíuskipti.</p> <p>4.2 Plastefni sem vega meira en 50 g skulu sérstaklega merkt samkvæmt ISO 11469 eða sambærilegt. Undanskildir eru rafkaplar.</p> <p>4.3 Plastefni skulu ekki innihalda kadmíum, blý, kvikasilfur eða efnasambönd þeirra.</p> <p>4.4 Efni í yfirborðsmeðhöndlunskulu ekki innihalda litarefni eða íblöndunarefni sem innihalda blý, kadmíum, króm, kvikasilfur eða efnasambönd þeirra.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram undirritaða yfirlýsingum um að ofangreind krafa verði uppfyllt. Vélar sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnæggjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
MATSVIÐMIÐ	MATSVIÐMIÐ
<p>Aukastig eru gefin fyrir eftifarandi:</p> <p>1. Hljóðlátar vélar Vélar sem gefa frá sér minni hávaða en sem nemur leyfilegu hámarki.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram niðurstöður tilraunaprófanna eða önnur tæknileg skjöl sem sýna hávaðastig skv. þeim mæliaðferðum sem tilgreindar eru í skilyrðunum eða sambærilegt.</p>	<p>Aukastig eru gefin fyrir eftifarandi:</p> <p>1. Hljóðlátar vélar Vélar sem gefa frá sér minni hávaða en sem nemur leyfilegu hámarki.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram niðurstöður tilraunaprófanna eða önnur tæknileg skjöl sem sýna hávaðastig skv. þeim mæliaðferðum sem tilgreindar eru í skilyrðunum eða sambærilegt.</p>
2. Útblástur	2. Útblástur

Vélar sem hafa minni útblástur en krafist er í tilskipun 97/68/EC.

Staðfesting: Mælingar á útblæstri véla skulu vera gerðar í samræmi við almenn viðmið í ESB tilskipun nr. 97/68/EC og á rannsóknarstofu sem uppfyllir skilyrði samkvæmt sömu tilskipun. Bjóðandi skal leggja fram niðurstöður prófana eða sambærileg tæknileg gögn.

Vélar sem hafa minni útblástur en krafist er í tilskipun 97/68/EC.

Staðfesting: Mælingar á útblæstri véla skulu vera gerðar í samræmi við almenn viðmið í ESB tilskipun nr. 97/68/EC og á rannsóknarstofu sem uppfyllir skilyrði samkvæmt sömu tilskipun. Bjóðandi skal leggja fram niðurstöður prófana eða sambærileg tæknileg gögn.

5 SMUROLÍUR VÉLA (Á EKKI VIÐ SMUROLÍUR FYRIR FJÓRGENGISVÉLAR)

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p>1. Endurnýjanleg hráefni</p> <p>Kolefnisinnihald samsettrar vöru skal vera úr endurnýjanlegum hráefnum (upprunið frá jurtaolíum eða dýrafeiti) samkvæmt eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ≥ 50 % (m/m) fyrir olíur í vökvakerfum (e.hydraulicoils) • ≥ 45 % (m/m) fyrir smurfeiti • ≥ 70 % (m/m) fyrir olíur á keðjusög og aðrar smurolíur sem fara allar til spillis. • ≥ 50 % (m/m) fyrir tvígengisolíur <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram ítarlegar upplýsingar um samsetningu vörunnar, uppruna endurnýjanlegu hráefnanna og yfirlýsingum um samræmi við ofangreindar kröfur. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast</p>	<p>1. Endurnýjanleg hráefni</p> <p>Kolefnisinnihald samsettrar vöru skal vera úr endurnýjanlegum hráefnum (upprunið frá jurtaolíum eða dýrafeiti) samkvæmt eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ≥ 50 % (m/m) fyrir olíur í vökvakerfum (e. hydraulicoils) • ≥ 45 % (m/m) fyrir smurfeiti • ≥ 70 % (m/m) fyrir olíur á keðjusög og aðrar smurolíur sem fara allar til spillis. • ≥ 50 % (m/m) fyrir tvígengisolíur <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram ítarlegar upplýsingar um samsetningu vörunnar, uppruna endurnýjanlegu hráefnanna og yfirlýsingum um framfylgd ofangreindra krafna. og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi</p>

<p>samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>	<p>staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
<p>2. Hætta fyrir umhverfi og heilsu manna</p> <p>Varan skal ekki vera merkt hættusetningum samkvæmt tilskipun 1999/45/EC og 2001/60/EC varðandi áhrif á umhverfi og heilsu manna.</p> <p>Eftirfarandi hættusetningar geta átt við smurolíur: R20 (H332), R21 (H312), R22 (H302), R23 (H330 & H331), R24 (H311), R25 (H301), R26 (H330), R27 (H310), R28 (H300), R33 (H373), R34 (H314), R35 (H314), R36 (H319), R37 (H335), R38 (H315), R39 (H370), R40 (H351), R41 (H318), R42 (H334), R43 (H317), R45 (H350), R46 (H340), R48 (H372 & H373), R49 (H350i), R50 (H400), R51 (H411), R52 (H412), R53 (H413), R59 (EUH059), R60 (H360F), R61 (H360D & H360FD), R62 (H361f, H360FD & H360Df), R63 (H361d & H360Fd), R64 (H362), R65 (H304), R66 (EUH066), R67 (H336), R68 (H371) og samsetningar þessara efna.</p> <p>Staðfesting: Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild. Bjóðendur geta einnig lagt fram: lista yfir öll aðal innihaldsefnin (hvert það efni sem vegur meira en 5% af þyngd smurolíunnar) í vörunni, ásamt nöfnum efnanna og virkni, Einecs eða Elincsnúmer og styrk þeirra við notkun; öryggisleiðbeiningar (samkvæmt kröfum tilskipun 91/155/EEC); og öryggisblað fyrir hvert aðalefnanna (samkvæmt kröfum tilskipun 91/155/EEC og tilskipun 67/548/EEC).</p>	<p>2. Hætta fyrir umhverfi og heilsu manna</p> <p>Varan skal ekki vera merkt hættusetningum samkvæmt tilskipun 1999/45/EC og 2001/60/EC varðandi áhrif á umhverfi og heilsu manna.</p> <p>Eftirfarandi hættusetningar geta átt við smurolíur: R20 (H332), R21 (H312), R22 (H302), R23 (H330 & H331), R24 (H311), R25 (H301), R26 (H330), R27 (H310), R28 (H300), R33 (H373), R34 (H314), R35 (H314), R36 (H319), R37 (H335), R38 (H315), R39 (H370), R40 (H351), R41 (H318), R42 (H334), R43 (H317), R45 (H350), R46 (H340), R48 (H372 & H373), R49 (H350i), R50 (H400), R51 (H411), R52 (H412), R53 (H413), R59 (EUH059), R60 (H360F), R61 (H360D & H360FD), R62 (H361f, H360FD & H360Df), R63 (H361d & H360Fd), R64 (H362), R65 (H304), R66 (EUH066), R67 (H336), R68 (H371) og samsetningar þessara efna.</p> <p>Staðfesting: Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild. Bjóðendur geta einnig lagt fram: lista yfir öll aðal innihaldsefnin (hvert það efni sem vegur meira en 5% af þyngd smurolíunnar) í vörunni, ásamt nöfnum efnanna og virkni, Einecs eða Elincsnúmer og styrk þeirra við notkun; öryggisleiðbeiningar (samkvæmt kröfum tilskipun 91/155/EEC); og öryggisblað fyrir hvert aðalefnanna (samkvæmt kröfum tilskipun 91/155/EEC og tilskipun 67/548/EEC).</p>

6 GARÐYRKJUÞÓNUSTA

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p>1. Skipulagt umhverfisstarf garðyrkjuþjónustunnar</p> <p>Bjóðandi skal sýna fram á hæfni sína til að vinna skipulagt og skjalfest umhverfisstarf, að minnsta kostifyrir eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mat á þýðingarmestu umhverfisþáttum starfsemi sinnar • Lágmörkun úrgangs og úrgangsflokkun • Vatns- og orkusparnað, einnig varðandi flutninga • Notkun á varnarefnum, þ.m.t. illgresiseyði <p>Staðfesting: Bjóðendur sem eru með umhverfisstjórnunarkerfi (EMAS, ISO 14001, eða önnur sambærileg kerfi) fyrir garðyrkjuþjónustuna skulu sýna fram á skjalfestingu kerfisins og verkferla sína. Ef kerfið er ekki vottað, skulu bjóðendur leggja fram skriflega verkferla og leiðbeiningar sem sýna fram á fagleg vinnubrögð þeirra.</p> <p>Ef bjóðandi þjónusta hefur ekki umhverfisstjórnunarkerfi hefur reynslu af samskonar samstarfssamningum, skal senda lista yfir fyrri verkefni síðastliðin 3 ár ásamt tengiliðum bjóðanda hvers verkefnis.</p>	<p>1. Skipulagt umhverfisstarf garðyrkjuþjónustunnar</p> <p>Bjóðandi skal sýna fram á hæfni sína til að vinna skipulagt og skjalfest umhverfisstarf, að minnsta kosti fyrir eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mat á þýðingarmestu umhverfisþáttum starfsemi sinnar • Lágmörkun úrgangs og úrgangsflokkun • Vatns- og orkusparnað, einnig varðandi flutninga • Notkun á varnarefnum, þ.m.t. illgresiseyði <p>Staðfesting: Bjóðendur sem eru með umhverfisstjórnunarkerfi (EMAS, ISO 14001, eða önnur sambærileg kerfi) fyrir garðyrkjuþjónustuna skulu sýna fram á skjalfestingu kerfisins og verkferla sína. Ef kerfið er ekki vottað, skulu bjóðendur leggja fram skriflega verkferla og leiðbeiningar sem sýna fram á fagleg vinnubrögð þeirra.</p> <p>Ef bjóðandi þjónusta hefur ekki umhverfisstjórnunarkerfi en hefur reynslu af samskonar samstarfssamningum, skal senda lista yfir fyrri verkefni síðastliðin 3 ár ásamt tengiliðum bjóðanda hvers verkefnis.</p>
<p>2. Innihaldsefni áburðargefandi jarðvegsbætis</p> <p>2.1 Jarðvegsbætir skal ekki innihalda mó eða seyru (e. Sewage sludge).</p> <p>2.2 Lífræn efni í jarðvegsbæti skulu vera upprunnin frá meðhöndlun</p>	<p>2. Innihaldsefni áburðargefandi jarðvegsbætis</p> <p>2.1 Jarðvegsbætir skal ekki innihalda mó eða seyru (e. Sewage sludge).</p> <p>2.2 Lífræn efni í jarðvegsbæti skulu vera upprunnin frá meðhöndlun</p>

<p>og/eða endurnotkun á úrgangi (samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 2006/12/EC 5. Apríl 2006 um úrgang ásamt viðauka I).</p>	<p>og/eða endurnotkun á úrgangi (samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 2006/12/EC 5. Apríl 2006 um úrgang ásamt viðauka I).</p>
<p>2.3 Eðja (ekki skólp) er eingöngu leyfð í jarðvegsbætinum ef hún er upprunnin frá einhverjum af eftirfarandi úrgangsflokkum samkvæmt úrgangslista Evrópusambandsins (samkvæmt skilgreiningu framkvæmdastjórar 2001/118/EC 16. janúar 2001 um breytingu á 2000/532/EC að því er varðar úrgangslistann, og þegar viðkomandi úrgangsflokkar hafa ekki blandast við fráreynslu eða eðju utan við framleiðsluferlið:</p>	<p>2.3 Eðja (ekki skólp) er eingöngu leyfð í jarðvegsbætinum ef hún er upprunnin frá einhverjum af eftirfarandi úrgangsflokkum samkvæmt úrgangslista Evrópusambandsins (samkvæmt skilgreiningu framkvæmdastjórar 2001/118/EC 16. janúar 2001 um breytingu á 2000/532/EC að því er varðar úrgangslistann, og þegar viðkomandi úrgangsflokkar hafa ekki blandast við fráreynslu eða eðju utan við framleiðsluferlið:</p>
<ul style="list-style-type: none"> • 020305 eðja úr afreynslu frá meðhöndlun á ávöxtum, grænmeti, korni, matarólum, kakó, kaffi, te og tóbak; niðursuða; gerjun og gersafaframleiðsla, sírópsgerð, undirbúningur og gerjum • 020403 eðja frá afreynslu við sykurframleiðslu • 020502 eðja frá afreynslu mjólkuvöruiðnaði • 020603 eðja frá afreynslu sælgætisgerðar og baksturs • 020705 eðja frá afreynslu við framleiðslu á áfengum og óáfengum drykkjum (ekki kaffi, te og kakó) 	<ul style="list-style-type: none"> • 020305 eðja úr afreynslu frá meðhöndlun á ávöxtum, grænmeti, korni, matarólum, kakó, kaffi, te og tóbak; niðursuða; gerjun og gersafaframleiðsla, sírópsgerð, undirbúningur og gerjum • 020403 eðja frá afreynslu við sykurframleiðslu • 020502 eðja frá afreynslu mjólkuvöruiðnaði • 020603 eðja frá afreynslu sælgætisgerðar og baksturs • 020705 eðja frá afreynslu við framleiðslu á áfengum og óáfengum drykkjum (ekki kaffi, te og kakó)
<p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram ítarlegt yfirlit yfir samsetningu jarðvegsbætisins, uppruna lífrænu efnanna og yfirlýsingum um að ofangreindum kröfum sé mætt. Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>	<p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram ítarlegt yfirlit yfir samsetningu jarðvegsbætisins, uppruna lífrænu efnanna og yfirlýsingum um að ofangreindum kröfum sé mætt. Vörur sem eru umhverfismerktar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
<p>3. Hættuleg efni í áburðargefandi jarðvegsbæti Hámarksstyrkur þungmálma í úrganginum fyrir meðhöndlun úrgangs</p>	<p>3. Hættuleg efni í áburðargefandi jarðvegsbæti Hámarksstyrkur þungmálma í úrgangi fyrir meðhöndlun úrgangs</p>

(mg/kg þurrvigt) skal uppfylla neðangreindar kröfur um hættuleg efni. Hámarksstyrkur þungmálma í lokaafurð jarðvegsbætis skal vera lægri en hér segir:

Frumefni	mg/kg (þurrvigt)		Frumefni	mg/kg (þurrvigt)
Zn	300		Cr	100
Cu	100		Mo (*)	2
Ni	50		Se (*)	1.5
Cd	1		As (*)	10
Pb	100		F (*)	200
Hg	1			

(*)Aðeins þarf að sýna gögn varðandi þessi efni þegar um iðnaðarúrgang er að ræða.

Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild.

4. Smurolíur

(mg/kg þurrvigt) skal uppfylla neðangreindar kröfur um hættuleg efni. Hámarksstyrkur þungmálma (mældur sem þurrvigt) í lokaafurð skal vera lægri en hér segir:

Frumefni	mg/kg (þurrvigt)		Frumefni	mg/kg (þurrvigt)
Zn	300		Cr	100
Cu	100		Mo (*)	2
Ni	50		Se (*)	1.5
Cd	1		As (*)	10
Pb	100		F (*)	200
Hg	1			

(*)Aðeins þarf að sýna gögn varðandi þessi efni þegar um iðnaðarúrgang er að ræða.

Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild..

4. Smurolíur

Smurolíur sem notaðar verða við garðyrkjupjónustuna skulu vera niðurbrjótanlegar og ekki eitraðar. Því skal kolefnisinnihald smurolíanna að vera frá endurnýjanlegum hráefnum (upprunið frá jurtaolíum eða dýrafeiti) samkvæmt eftirfarandi:

- $\geq 50\%$ (m/m) fyrir olíur í vökvakerfum (e. hydraulic oils)
- $\geq 45\%$ (m/m) fyrir smurningsfeiti
- $\geq 70\%$ (m/m) fyrir olíur á keðjusög og aðrar smurolíur
- $\geq 50\%$ (m/m) fyrir tvígengisolíur

Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir smurolíur sem notaðar verða við garðyrkjupjónustuna (framleiðandi og heiti). Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild.

5. Vökvunaraðferðir

5.1 Við stjórnun á vökvun og vatnsnotkun skal:

- hámarka notkun á vatni sem ekki er ætlað til drykkjar (rigningarvatn, grunnvatn eða endurnýtt vatn).
- leggja lífrænt lag í beð til að koma í veg fyrir uppgufun, beð tilgreind af verkkaupa.
- nota sjálfvirkt vökvunarkerfi eins og skilgreint er af verkkaupa.
- skila reglulega inn skýrslum um vatnsnotkun.

Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar. Verkkaupi leggur til gögn um vatnsbúskap og einkenni svæðisins m.t.t. loftslags og staðsetningu vökvunarkerfisins.

5.2 Sjálfvirkt vökvunarkerfi skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- vatnsmagn vökvunarkerfisins skal vera stillanlegt eftir svæðum.

Smurolíur sem notaðar verða við garðyrkjupjónustuna skulu vera niðurbrjótanlegar og ekki eitraðar. Því skal kolefnisinnihald smurolíanna að vera frá endurnýjanlegum hráefnum (upprunið frá jurtaolíum eða dýrafeiti) samkvæmt eftirfarandi:

- $\geq 50\%$ (m/m) fyrir olíur í vökvakerfum (e. hydraulic oils)
- $\geq 45\%$ (m/m) fyrir smurningsfeiti
- $\geq 70\%$ (m/m) fyrir olíur á keðjusög og aðrar smurolíur
- $\geq 50\%$ (m/m) fyrir tvígengisolíur

Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir smurolíur sem notaðar verða við garðyrkjupjónustuna (framleiðandi og heiti). Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild.

5. Vökvunaraðferðir

5.1 Við stjórnun á vökvun og vatnsnotkun skal:

- hámarka notkun á vatni sem ekki er ætlað til drykkjar (rigningarvatn, grunnvatn eða endurnýtt vatn).
- leggja lífrænt lag í beð til að koma í veg fyrir uppgufun, beð tilgreind af verkkaupa.
- nota sjálfvirkt vökvunarkerfi eins og skilgreint er af verkkaupa.
- skila reglulega inn skýrslum um vatnsnotkun.
- skilgreina vatnsþörf svæðisins, byggða á athugunum á vatnsbúskap, innan mánaðar eftir að þjónustusamningur liggur fyrir.
- Gera tillögu að gróðursetningu plantna m.t.t. vatnsþarfar þeirra þegar endurnýjað er, hafi það ekki verið ákveðið fyrirfram.

<ul style="list-style-type: none"> • vera búið tímastilli sem nota má til að stýra vökvunartímanum. • vera útbúið rakamæli sem mælir raka í jarðvegi og getur sjálfvirkt stöðvað vökvun þegar raki í jarðvegi er nægjanlegur (t.d. eftir rigningu). • endurnýtir vatn sem getur verið blanda af rigningarvatni, grunnvatni eða hreinsuðu grávatni, þar sem verkkaupi telur ákjósanlegt. <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi tæknigögn til að sanna að kröfur séu uppfylltar. Verkkaupi leggur til gögn um vatnsbúskap og einkenni svæðisins m.t.t. loftslags og staðsetningu vökvunarkerfisins.</p>	<p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar. Verkkaupi leggur til gögn um vatnsbúskap og einkenni svæðisins m.t.t. loftslags og staðsetningu vökvunarkerfisins.</p> <p>5.2 Sjálfvirkt vökvunarkerfi skal uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vatnsmagn vökvunarkerfisins skal vera stillanlegt eftir svæðum. • vera búið tímastilli sem nota má til að stýra vökvunartímanum. • vera útbúið rakamæli sem mælir raka í jarðvegi og getur sjálfvirkt stöðvað vökvun þegar raki í jarðvegi er nægjanlegur (t.d. eftir rigningu). • endurnýtir vatn sem getur verið blanda af rigningarvatni, grunnvatni eða hreinsuðu grávatni, þar sem verkkaupi telur ákjósanlegt. <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi tæknigögn til að sanna að kröfur séu uppfylltar. Verkkaupi leggur til gögn um vatnsbúskap og einkenni svæðisins m.t.t. loftslags og staðsetningu vökvunarkerfisins.</p>
<h2>6. Úrgangur</h2> <p>Úrgangur sem verður til vegna garðyrkjuþjónustunnar skal flokkaður samkvæmt eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Allur lífrænn úrgangur (þurr laufblöð, afklippur, gras) skal jarðgerður á staðnum, á starfsstöð fyrirtækisins eða samkvæmt samningi við úrgangsþjónustunnar. • Greinar og trjáúrgangur annar skal kurlaður á staðnum eða á starfsstöð fyrirtækisins og notaður sem yfirlag á ákveðnum 	<h2>6. Úrgangur</h2> <p>Úrgangur sem verður til vegna garðyrkjuþjónustunnar skal flokkaður samkvæmt eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Allur lífrænn úrgangur (þurr laufblöð, afklippur, gras) skal jarðgerður á staðnum, á starfsstöð fyrirtækisins eða samkvæmt samningi við úrgangsþjónustunnar. • Greinar og trjáúrgangur annar skal kurlaður á staðnum eða á starfsstöð fyrirtækisins og notaður sem yfirlag á ákveðnum

<p>svæðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Umbúðum skal safnað sér og skilað til endurvinnslu (pappi, plast o.fl.). Umbúðum utan af hættulegum úrgangi, s.s. frá varnarefnum, skal skila til öruggar meðhöndlunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum. Vélarolíu skal safnað og skilað til meðhöndlunar hjá viðkenndum móttökuaðilum. Ef vélar garðyrkjubjónustunnar verða ónýtar skal bjóðandi gera grein fyrir endanlegum losunarstað. <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>	<p>svæðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Umbúðum skal safnað sér og skilað til endurvinnslu (pappi, plast o.fl.). Umbúðum utan af hættulegum úrgangi, s.s. frá varnarefnum, skal skila til öruggar meðhöndlunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum. Vélarolíu skal safnað og skilað til meðhöndlunar hjá viðkenndum móttökuaðilum. Ef vélar garðyrkjubjónustunnar verða ónýtar skal bjóðandi gera grein fyrir endanlegum losunarstað. <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>
<p>7. Árlegar skýrslur</p> <p>Skila skal árlega skýrslum með upplýsingum um eldsneytisnotkun vegna veittrar þjónustu, nöfn og magn áburðar, varnarefna og smurolíu sem notuð eru, magn úrgangs eftir flokkum og staðsetningu ásamt öðrum upplýsingum sem tengjast kröfum í samningi (markmið til að draga út vatnsnotkun, umbúðum o.fl.).</p> <p>Staðfesting: Verkkaupi fylgir eftir skilyrði á samningstíma.</p>	<p>7. Árlegar skýrslur</p> <p>Skila skal árlega skýrslum með upplýsingum um eldsneytisnotkun vegna veittrar þjónustu, nöfn og magn áburðar, varnarefna og smurolíu sem notuð eru, magn úrgangs eftir flokkum og staðsetningu ásamt öðrum upplýsingum sem tengjast kröfum í samningi (markmið til að draga út vatnsnotkun, umbúðum o.fl.).</p> <p>Staðfesting: Verkkaupi fylgir eftir skilyrði á samningstíma.</p>
<p>8. Ágengar plöntur og dýr</p> <p>Allar plöntur og dýr sem taldar eru ágengar skulu tafarlaust tilkynntar til verkkaupa og í samstarfi við hann skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir.</p> <p>Staðfesting: Verkkaupi samræmir við skilyrðið á samningstíma.</p>	<p>8. Ágengar plöntur og dýr</p> <p>Allar plöntur og dýr sem taldar eru ágengar skulu tafarlaust tilkynntar til verkkaupa og í samstarfi við hann skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir.</p> <p>Staðfesting: Verkkaupi samræmir við skilyrðið á samningstíma.</p>
<p>9. Pláguvarnir (e. Pest control management)</p> <p>Dregið skal úr notkun á varnarefnum með því að nota aðrar aðferðir (svo sem hita, vélrænar eða lífrænar varnir) fyrir helstu</p>	<p>9. Pláguvarnir (e. Pest control management)</p> <p>Dregið skal úr notkun á varnarefnum með því að nota aðrar aðferðir (svo sem hita, vélrænar eða lífrænar varnir) fyrir helstu</p>

<p>plöntusjúkdóma.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>	<p>plöntusjúkdóma.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi skjöl til að sanna að kröfur séu uppfylltar.</p>
	<p>10. Efnisleg aðskotaefni í áburðargefandi jarðvegsbæti Í lokaafurðinni skulu aðskotaefni, gler, málmar og plast (samanlagt) vera lægra en 0,5% af þurrvigt.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnæggjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild.</p>
	<p>11. Köfnunarefni (N) í áburðargefandi jarðvegsbæti Styrkur köfnunarefnis í vörunni skal ekki vera meiri en 3% af heildar N (af þyngd) og ólífrænt N skal ekki vera meira en 20% af heildar köfnunarefni (eða lífrænt N $\geq 80\%$).</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnæggjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild.</p>
	<p>12. Virkni áburðargefandi jarðvegsbætis Jarðvegsbætirinn skal ekki hafa neikvæð áhrif á spírun og framvindu gróðurs og innihalda að lágmarki 25% þurrefni af heildarþyngd og að</p>

	<p>lágmarki 20% lífræn efni af þurrvigt.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum sé fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunumeru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, t.d. tæknilýsingar framleiðanda eða prófunarskýrsla óháðs aðila, verða tekin gild.</p>
	<p>13. Áhrif áburðargefandi jarðvegsbætis á heilsu og öryggi</p> <p>Í vörunni skal hámarksstyrkur sýkla ekki vera meiri en hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Salmonella: má ekki finnast í 25g skömmum jarðvegsbætisins. • Egg Helminthsníkjudýra: mega ekki finnast í 1,5g skömmum jarðvegsbætisins. • E.coli: <1000 MPN/g (MPN: mostprobablenumber) <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur (EN 13650, ISO 16772 eða sambærilegt) sem sýna fram á að ofangreindum kröfum er fullnægt. Vörur sem eru umhverfismerkar (Tegund 1) og uppfylla ofangreindar kröfur teljast samræmast viðmiðunum eru fullnægjandi staðfesting. Önnur viðeigandi sönnunargögn, verða tekin gild.</p>
MATSVIÐMIÐ	MATSVIÐMIÐ
<p>1. Nýjar garðplöntur</p> <p>Aukastig verða veitt fyrir notkun á lífrænt ræktuðum garðplöntum.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal gera grein fyrir hlutfalli lífrænt ræktaðra plantna sem notaðar verða samkvæmt reglugerð(EC) nr.834/2007.</p>	<p>1. Nýjar garðplöntur</p> <p>Aukastig verða veitt fyrir notkun á lífrænt ræktuðum garðplöntum.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal gera grein fyrir hlutfalli lífrænt ræktaðra plantna sem notaðar verða samkvæmt reglugerð (EC) nr. 834/2007.</p>

<p>Við árslok skal bjóðandi leggja fram lista yfir allar plöntutegundir sem notaðar voru, ásamt verði og (þar sem við á) sönnunum fyrir lífrænni ræktun.</p>	<p>Við árslok skal bjóðandi leggja fram lista yfir allar plöntutegundir sem notaðar voru, ásamt verði og (þar sem við á) sönnunum fyrir lífrænni ræktun.</p>
<p>ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD SAMNINGS</p> <p>1. Þjónustubifreiðar</p> <p>Bifreiðar sem notaðar verða í garðyrkjuþjónustunni skulu að lágmarki uppfylla skilyrði um útblástur samkvæmt EURO 4 eða IV.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir þær bifreiðar sem notaðar verða í þjónustunni ásamt tæknilegum upplýsingum um þær þar sem fram koma útblástursgildi. Ef kröfur eru ekki uppfylltar við upphaf samnings, getur verkkaupi boðið tímafrest (t.d. sex mánuði) til að uppfylla skilyrðin.</p>	<p>ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD SAMNINGS</p> <p>1. Þjónustubifreiðar</p> <p>Bifreiðar sem notaðar verða í garðyrkjuþjónustunni skulu að lágmarki uppfylla skilyrði um útblástur samkvæmt EURO 4 eða IV.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram lista yfir þær bifreiðar sem notaðar verða í þjónustunni ásamt tæknilegum upplýsingum um þær þar sem fram koma útblástursgildi. Ef kröfur eru ekki uppfylltar við upphaf samnings, getur verkkaupi boðið tímafrest (t.d. sex mánuði) - til að uppfylla skilyrðin.</p>
<p>2. Þjálfun starfsfólks</p> <p>Starfsmenn garðyrkjuþjónustunnar skulu hljóta þjálfun í umhverfisvænum starfsaðferðum sem tengjast þjónustunni. Þjálfunin ætti t.d. að felast í aðferðum við að spara vatn og orku, draga úr úrgangi og meðhöndla rétt, nota vörur úr endurnýjanlegu hráefni; meðhöndlun og notkun á efnum og ílátum; örugga, löglega notkun á varnarefnum þ.m.t. illgresiseyði. Þjálfun í meðhöndlun á hættulegum eftumer forsenda þess að starfsfólk hafi heimild til að meðhöndla slík efni.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram þjálfunaráætlun eftir undirritun samnings og í lok samningstímabils skal hann leggja fram vottorð sem sýnir fram á þjálfun bæði nýrra og fastra starfsmanna.</p>	<p>2. Þjálfun starfsfólks</p> <p>Starfsmenn garðyrkjuþjónustunnar skulu hljóta þjálfun í umhverfisvænum starfsaðferðum sem tengjast þjónustunni. Þjálfunin ætti t.d. að felast í aðferðum við að spara vatn og orku, draga úr úrgangi og meðhöndla rétt, nota vörur úr endurnýjanlegu hráefni; meðhöndlun og notkun á efnum og ílátum; örugga, löglega notkun á varnarefnum þ.m.t. illgresiseyði. Þjálfun í meðhöndlun á hættulegum eftumer forsenda þess að starfsfólk hafi heimild til að meðhöndla slík efni.</p> <p>Staðfesting: Bjóðandi skal leggja fram þjálfunaráætlun eftir undirritun samnings og í lok samningstímabils skal hann leggja fram vottorð sem sýnir fram á þjálfun bæði nýrra og fastra starfsmanna.</p>